

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/1204
komudagur 2.3.2004



IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS
LANDSSAMBAND IÐN- OG STARFSNÁMSNEMA
STOFNAÐ 1944

Reykjavík 25. febrúar 2004.

Efni: Umsögn INSÍ um tillögu til þingsályktunar um eflingu iðn- verk- og listnáms.

Iðnnemasamband Íslands tók tillögu um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum, fyrir á framkvæmdarstjórnarfundum og vonumvið af öllu hjarta að tillagan eigi fram að ganga.

Við erum sannfærð um að þessi starfshópur eigi eftir að gera iðn-, verk- og listnám mun öflugra í íslensku samfélagi heldur en það er í dag.

Með tilliti til samsetningu náms í grunnskólum þarf að kynna iðn-, verk – og listnám mun betur en gert er í dag og erum við samfærð um að samstarf þessa hóps eigi eftir að koma því til skila.

Samstarfshópurinn er vel skipaður og þarf að athuga hve margir fulltrúar eru frá hverjum og einum. Teljum við að fulltrúar ættu að vera jafnir milli allra aðila.

f.h. Iðnnemasambands Íslands

Helgi Einarsson
formaður